

Fóðurgildi (g/kg þe)		Fjöldi	Þurrefni	Aska	MLE (%)	Prótein	sHP*	NDF	iNDF**	Sykur	AAT20	PBV20	NEL20***
Fyrri sláttur	2024	862	509	75	76,9	156	536	498	148	52	92	14	6,44
	2023	1007	558	74	76,2	155	537	506	146	61	91	14	6,37
2. sláttur	2024	231	483	88	79,0	170	501	445	155	52	87	31	6,53
	2023	282	571	84	79,5	169	509	436	142	63	88	28	6,53
Grænfóður	2024	58	310	101	76,3	133	589	447	182	85	81	9	6,40
	2023	95	350	98	77,1	149	601	463	202	77	84	17	6,53
Rýgresi	2024	28	315	115	78,9	173	504	422	182	73	81	43	6,45
	2023	37	379	108	78,8	175	539	431	178	72	79	24	6,43
*g/kg prótein, **g/kg NDF, ***MJ/kg þe													

Steinefni (g/kg þe)		Ca	P	Mg	K	Na	S
Fyrri sláttur	2024	3,93	2,85	2,36	19,0	1,28	2,27
	2023	3,96	2,89	2,38	18,8	1,27	2,28
2. sláttur	2024	4,90	3,20	2,99	19,3	1,85	2,59
	2023	5,35	2,86	3,05	17,2	2,31	2,58
Grænófóður	2024	4,18	2,20	2,14	20,3	4,52	2,04
	2023	4,80	2,33	2,34	22,2	4,40	2,40
Rýgresi	2024	4,89	2,51	2,45	27,2	4,73	2,42
	2023	5,30	2,58	2,62	25,20	4,40	2,58

Snefilefni (mg/kg þe)		Fe	Mn	Zn	Cu	Co	Se*	Mo
Fyrri sláttur	2024	237	90	30,9	7,6	0,228	352	0,396
	2023	248	90	32,0	7,7	0,148	371	0,487
2. sláttur	2024	263	103	31,3	8,9	0,332	286	0,471
	2023	257	107	32,0	8,4	0,129	306	0,690
Grænfóður	2024	1079	117	26,1	8,7	0,842	589	0,292
	2023	696	110	32,4	8,2	0,356	553	0,512
Rýgresi	2024	1157	102	27,0	9,9	0,889	538	0,376
	2023	987	105	32,7	9,7	0,528	549	0,594

*µg/kg þe

Frumniðurstöður heyefnagreininga 2024

Hér eru birtar fyrstu niðurstöður
heyfnagreininga 2024. Þegar
þetta er skrifað er búið að greina
tæplega 1.200 heysýni sem gefur
mjög góða vísbendingu um
stöðuna á heysýnunum yfir landið.

Hafa verið í huga að hér er verið að horfa á landsmeðaltal en breytileikinn á milli landshluta getur verið mjög mikill.

Sykur er heldur lægri í ár en þar hefur sólarleysið nokkur áhrif. Kalsíum, fosfór og magnesíum mælist ögn lægra í ár en kalíum ögn hærra. Heilt yfir virðist fyrri slátturinn vera betri í ár föðurgæðislega en spurning hvort lægra þurrefni og sykur hafi neikvæð áhrif á lýstugleika föðursins.

Annar sláttur

Það er mjög lítil munur á milli ára á öðrum slætti, þá helst meira NDF, herra iNDF og lægri sykur. Sömu leiðis er annar slátturinn töluvert blatauri í ár en í fyrra. Eftir við hins vegar horfum á steinefnin þá er töluvert minna af kalsíum í seinni slættinum í ár en meira af fosfór og kalíum. Því mætti setja spurningarmerki við hvort lystugleikinn í ár í öðrum slætti sé ekki eins góður og í fyrra.

Fyrri sláttur

Að bera saman árin 2023 og 2024 sýnir ekki mikinn mun. Fyrri slátturinn er nokkuð blautari í ár en heyið er heldur orkuríkara með hærri meltanleika lífræns efnis (MLE). Prótein er mjög svipað milli ára en tréni (NDF) aðeins lægra í ár þó aðeins stærri partur af því sé ómeltanlegt (iNDF) en það gæti skýrst af erfiðara veðurfari í sumar.

Grænfóður

Í grænfóðrinu í ár sést mesti munurinn milli ára en það er aðeins blautara og MLE töluvert lægra sem lækkar nokkuð orkuna. Prótein er líka töluvert lægra en við hjá RML höfum verið að sjá nokkuð af próteinlágum grænfóðursýnum. NDF er lægra í ár og sömuleiðis iNDF. Ef við horfum á steinefnin þá eru öll helstu steinefnin lægri í ár en í fyrra nema natríum ögn hærra. Hér sjáum við svona stærsta muninn á milli ára þar sem græn fóður er töluvert lakara í ár en í fyrra.

Rýgresi

Líkt og í hinum tegundunum þá er rýgresið í ár nokkuð blautara en í fyrra en að öðru leyti mjög svipað og hér sjáum við ekki lækkun í

sykri og orkan
er aðeins hærri
í ár. NDF er
aðeins lægra og
er AAT20 og
PBV20 nokkuð
hærra í ár í
rýgresinu.

Kalsíum,
magnesíum og
brennisteinn er
heldur lægra.



Baldur Örn Samúelsson.

Samantekt

Miðað við svona fyrstu niðurstöður hefnagreininga er fódurgildi gróffóðurs í ár svipað eða betra en í fyrra ef við horfum fram hjá grænfóðri. Þetta var krefjandi heyskaparár og greinilega hefur grænfóðrið átt erfiitt uppráttar en mönnum tekist að ná ágætum

gæðum í heyinu. Svo er spurning hvort til sé nægilegt magn af þessu heyi. Sömuleiðis er fódrið blautara í ár sem getur komið niður á lystugleika fódursins og þar af leiðandi á fódurinntökuinni. Gripirnir þurfa þá einnig að innbyrða meira magn af fóðri til að ná sama þurrefnisáti. Heilt yfir er tréni aðeins lægra í ár nema í seinni slættinum og getur það reynt meira á vambarumhverfið. Jórturdýr þola ekki eins vel kjarnfóðurgjöf og þurfa því meiri tíma og hægari uppþröppun til að venja vambarumhverfið við kjarnfóðurgjöfina. Þegar fleiri niðurstöður ligga fyrir verður gert grein fyrir þeim niðurstöðum skipt upp eftir landshlutum.

*Höfundur er ráðunautur
í jarðrækt hjá RML.*



**DRAUMA
SUMARHÚSIÐ
Á NOKKRUM
VIKUM**

Í BYKO færðu CLT einingahús,
áralanga reynslu, aðstoð við teikningar
og margt fleira sem auðveldar þér lífið
í framkvæmdum!

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Frá undirritun viljayfirlýsingar um að styðja við uppbyggingu starfstöðva Náttúrufræðistofnunar á Vesturlandi. Mynd / Stjórnarráðið

Nýjar höfuðstöðvar

Samkvæmt ákvörðun Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra verða höfuðstöðvar Náttúrufræðistofnunar á Akranesi og starfstöð á Hvanneyri.

Í júlí sameinuðust Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands og Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn í eina stofnun sem nefnist Náttúrufræðistofnun. Starfsmenn eru samtals áttaíu og dreifðir víða um landið. Frá þessu er greint í frétt á vef Stjórnarráðsins. Þar kemur jafnframt fram að

sameining stofnana hafi verið hluti af heildarendurskoðun og einföldun stofnanskípulags ráðuneytisins. Sérstök áhersla var lögð á að fjölga störfum utan höfuðborgarsvæðisins við endurskoðunina.

Hluti starfstöðvanna verður í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Í viljayfirlýsingu sem ráðherra undirritaði við Samtöki sveitarfélaga á Vesturlandi segir að á Hvanneyri séu mikil tækifæri til samstarfs og samvinnu milli Náttúrufræðistofnunar og Landbúnaðarháskólans. /dl